

Menntaþing 2010 - 5. mars - Heildstæð menntun á umbrotatímum

Mennta- og menningarmálaráðuneytið stendur fyrir menntaþingi þann 5. mars nk. í Valsheimilínu að Hlíðarenda. Yfirskrift þingsins er heildstæð menntun á umbrotatímum. Tilgangur þingsins er að efna til opinna umræðu um menntastefnu.

Á undanfönum árum hefur heildstæð löggjöf um menntamál verið þróuð sem nær til allra skólastiga, frá leikskóla til opinberra háskóla. Þetta eru tímamót því segja má að sambærileg heildarlöggjöf hafi aðeins einu sinni áður verið sett hérlendis, þ.e. á árunum eftir lýðveldisstofnun, þegar íslenska skólakerfið var stofnað formlega. Á menntaþinginu verða kynntar áherslur í nýjum námskrám allra skólastiga og afrakstur af þjóðfundum um menntamál. Í nýrri menntastefnu er m.a. kveðið á um fimm þætti; jafnrétti, lýðræði, skapandi skólustarf, menntun til sjálfbærni og læsi í víðum skilningi,

sem eiga að verða meginstoðir í öllu námi frá leikskóla til loka framhaldsskóla. Eins verða reifuð og rædd ýmis álitamál sem verða breyttar aðstæður í skólasamfélaginu, s.s. hvort endurskoða eigi námstíma í almennu námi úr 14 árum í 13, hvernig við komum á fót framhaldsskóla fyrir alla og hvernig við tryggjum velferð í skólum þegar misskipting eykst á sama tíma og dregið er úr útgjöldum til skólamála.

Skráning fer fram á vef ráðuneytisins fram til 2. mars. Nánari upplýsingar um dagskrá má nálgast á www.menntamalaraduneyti.is/menntathing.



Samið um kauprétt á listaverkum í eigu Arion banka



Frá undirritun samningsins 23. febrúar

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, fjármálaráðuneytið og Arion banki hafa gert með sér samning sem tryggir Listasafni Íslands forgang að kaupum á 192 listaverkum í listaverkasafni bankans sem talin eru hafa mikla þýðingu fyrir íslenska listasögu. Samningurinn var undirritaður í Þjóðmenningarhúsinu 23. febrúar 2010.

Samningurinn felur í sér kauprétt ríkisins næstu 12 ár á þeim verkum í listaverkasafni Arion banka sem metin eru í fyrsta flokki, en forkaupsrétt að þeim tíma liðnum.

Við sama tækifæri færði bankinn Listasafninu tvö þessara verka að gjöf. Um leið var einnig undirritað samkomulag á milli safnsins og bankans um samstarf við að koma verkum í eigu bankans sem best á framfæri með sýningum í útibúum og á afgreiðslustöðum bankans, og einnig með lánnum á sýningar í söfnum og menningarstofnunum.

Innritun nýnema í framhaldsskóla vorið 2010

Innritunarmál framhaldsskólanna hafa undanfarið verið yfirfarin af samráðshópi mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Skólastjórafélagi Íslands, Félagi íslenskra framhaldsskóla, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fulltrúa Heimilis og skóla.

Ákveðið hefur verið að hafa forinnritun 12.-16. apríl 2010 en niðurstöður hennar væru vísbending um það hvert straumurinn lægi, framhaldsskólar sæju á hverju þeir eiga von og grunnskólar hvert nemendur þeirra stefndu. Nú velja nemendur sér námsbraut og aðalskóla og annan til vara. Þeir hafa síðan tækifæri 7.-11. júní til þess að endurskoða ákvörðun sína og að lokinni brautskráningu grunnskólanemenda í vor fær sá framhaldsskóli vitnisburð nemenda sem þeir settu í aðalval. Ætlunin er að tryggja öllum skólavist

áður en framhaldsskólum verður lokað fyrir sumarleyfi.

Við lok síðasta skólaárs kom í ljós að ekki var auðvelt að finna pláss fyrir alla nemendur 10. bekkjar sem hugðu á skólavist í framhaldsskóla. Þeir síðustu fengu úrlausn sinna mála um það leyti sem skólustarf hófst í haust. Skipaður var hópur til að fara yfir innritunarferlið og hefur hann lagt til að nemendur í tilgreindum grunnskólum ættu forgangsrétt í ákveðna framhaldsskóla ef þeir stæðust inntökuskilyrði. Framhaldsskólarnir ættu að innrita allt að 45% nemenda sinna úr forgangsskólunum ef svo margir sækja um skólavist.

Jafnframt þessu yrðu skólar með einsleitt námsframboð að bjóða upp á nám fyrir fjölbreyttari nemendahóp. Þá var lögð áhersla á aukna ráðgjöf og að í framtíðinni yrði innritað á útmánuðum í stað þess að bíða fram á vor. Ráðherra féllst á þessar hugmyndir og þær voru kynntar skólameisturum

og skólastjórum á fundi síðla haust og í framhaldi af því var samráðshópurinn kallaður saman.

Vefkönnun meðal íþróttafélaga

Könnun meðal íþróttafélaga um stöðu nokkurra lykilmála í starfsemi þeirra var framkvæmd af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu í nóvember sl. Leitað var álits forystufólks íþróttafélaganna á því hvort breytingar hafi orðið á íþróttastarfinu eftir efnahagshrunið. Er þetta einn þáttur í því að fylgjast með hugsanlegum afleiðingum efnahagshrunsins með markvissum hætti. Niðurstöðurnar hafa verið kynntar Velferðarvaktinni sem samræmir alla upplýsingaöflun og aðgerðir sem lagðar eru til í velferðarmálum.

Könnunin var send til forystufólks 373 íþróttafélaga og svöruðu 101 af þeim könnuninni. Niðurstöður hennar er að finna á [vef ráðuneytisins](http://vef.raduneytisins).

